



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2021

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs voru veitt við hátíðlega athöfn á MenntaStefnumóti í Hörpu þann 10. maí 2021. Þau koma í hlut átta nýbreytni- og þróunarverkefna í borginni. Fjögur samstarfsverkefni fengu einnig sérstaka viðurkenningu.

- **Leikskólinn Kvistaborg** fær hvatningarverðlaun fyrir *Listrænt ákall til náttúrunnar – LÁN*. Markmið verkefnisins er að börnin starfi með ólíka listmiðla og listamönnum og tengist náttúrunni í gegnum listsköpun sína.
- **Leikskólinn Borg** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Það þarf þorp...* en skólinn heftur haft frumkvæði að þessu samstarfsverkefni í Bakkahverfinu í Breiðholti. Verkefnið miðar að því að breyta vinnubrögðum, kennslu og samstarfi alls skóla- og frístundastarfs í hverfinu með það að markmiði að breyta ímynd hverfisins og mæta betur þörfum allra barna.
- **Austurbæjarskóli** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Plánetur og geimskutlur; vaxtarsproti samþættingar í kennslu* sem unnið var í 3. bekk og felst í því að tengja félagsfærni, leiðsagnarnám og vaxtarhugarfar og samþætta nám í fleiri námsgreinum um himingeiminn.
- **Árbæjarskóli** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Á toppinn* sem er valgrein á unglingastigi þar sem nemendur fara með kennurum í fjallgöngur. Á göngunni takast nemendur á við ýmsar hindranir og áskoranir og þurfa að horfast í augu við eigin viðhorf og hugarfar. Fjallið er lífið sjálft og ferðalagið nám í lífsleikni.
- **Háteigsskóli** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Sjálfsþekking í þágu náms* þar sem unnið er með markþjálfun á unglingastigi. Markmiðið er að styðja við nemandann svo að hann læri að taka ábyrgar og upplýstar ákvarðanir í eigin lífi.
- **Frístundaheimilið Selið** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Stafræn frístund* sem hverfist um 21. aldar foreldrasamskipti. Unnið hefur verið markvisst og á framsækin hátt með hlaðvarp, kvikmyndagerð og ljósmyndun.
- **Félagsmiðstöðin Hólmassel** fær hvatningarverðlaun fyrir *kynfræðslu í Seljahverfi* sem hefur síðastliðin þrjú ár farið fram sem tilraunaverkefni undir handleiðslu Jafnréttisskóla Reykjavíkur.
- **Frístundaheimilið Eldflaugin** fær hvatningarverðlaun fyrir verkefnið *Stúdíó Eldflaugin*.

Börnin hafa tekið þátt í metnaðarfullri kvikmyndaframleiðslu sem náði hámarki með frumsýningu í Bíó Paradís.

Hvatningarverðlaunin eru í formi verðlaunagrips, myndverki eftir Einar Baldursson listamann á Sólheimum.

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir fjögur samstarfsverkefni;

- ***Það þarf þorp*** - samstarfsverkefni allra stofnana sem vinna með börnum og ungmönnum í Bakkahverfi; leikskólana Borgar og Bakkaborgar, Breiðholtsskóla, frístundaheimilisins Bakkasels og félagsmiðstöðvarinnar Bakkans.
- ***Austur-Vestur*** - samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Selásskóla og Vesturbæjarskóla.
- ***Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð*** - samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Ársels, Gufunesbæjar, Miðbergs, Kringlumýri og Tjarnarinnar.
- ***Kjólar og kynusli*** sem unnið var á frístundaheimilinu Simbað sæfara undir umsjón Bryngeirs Bryngeirssonar.

Markmið verðlauna að vekja athygli á gróskumiklu starfi

Öll verkefni sem hlutu hvatningarverðlaun og viðurkenningu hafa beina skírskotun til menntastefnu Reykjavíkurborgar og tengjast grundvallarþáttum hennar og leiðarljósum.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þau eiga að veita starfsfólki hvatningu, ásamt því að viðhalda og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi. Þá eru þau viðurkenning á vel unnu verki og staðfesting þess að starfið sé fyrirmynd annarra.